

hótela, verksmiðja, íbúðarhúsa og annarra slíkra aðila, sem ekki eru í tengslum við búrekstur, greiðist samkvæmt kostnaði.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtauga eða spennistöðva fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem línulengd fer fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsgrein skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra með hliðsjón af áætluðu kostnaðarverði af þeim línum, sem fram yfir eru.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 620, 1981 um breytingar á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 549 21. ágúst 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 13. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

18. desember 1981.

Nr. 807.

AUGLÝSING

um umferð í Ólafsfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 er hér með ákveðið að bannaður verði allur akstur beltabifhljóla innanbæjar eða í þéttbýlinu frá kl. 20 til kl. 07, þó getur lögreglan veitt undanþágur vegna nauðsynlegrar notkunar þessara tækja innan áðurgreindra tímamarka.

Reglur þessar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórnin í Ólafsfirði, 18. desember 1981.

Barði Þórhallsson.

22. desember 1981.

Nr. 808.

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Tangagata hafi biðskyldu fyrir Skildingavegi.
2. Fífilgata hafi biðskyldu fyrir Vestmannabraut og Sóhlíð.
3. Allar hliðargötur hafi biðskyldu fyrir Helgafellsbraut að Fellavegi undanskildum.
4. Brattagata hafi biðskyldu fyrir Illugagötu.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar við Kirkjuveg norðanverðan milli Vallargötu og Heiðarvegs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum, 22. desember 1981.

Kristján Torfason.